

Sp. 162. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]
um stefnumörkun í skólamálum.

Flm.: Kristín H. Tryggvadóttir, Jón Baldvin Hannibalsson, Eiður Guðnason,
Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nú þegar níu manna nefnd til að gera tillögur um stefnumörkun í málum grunnskólans og framhaldsskólans fram til aldamóta.

Nefndin verði skipuð þannig: Samtök kennara tilnefni þrjá menn, samtök foreldra tilnefni einn, Kennaraháskóli Íslands tilnefni einn og Alþingi kjósi fjóra. Menntamálaráðherra skipi formann nefndarinnar.

Í störfum sínum fjalli nefndin einkum um eftirtalda þætti:

Innra starf skólans.

Námsgögn og búnað skóla.

Skólasöfn.

Skólatíma.

Námsefni.

Skólahúsnæði og leikvelli.

Menntun kennara.

Réttindi til kennslu.

Tengsl við atvinnulífið.

Samstarf við heimilin.

Félagsstarf nemenda.

Skólaskipan (dreifbýli, þéttbýli).

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Nefndin hafi viðtækt umboð og geti m.a. skipað undirnefndir til að vinna að afmörkuðum þáttum.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tilgangurinn með skipun þeirrar nefndar, sem þingsályktunartillagan kveður á um, er sá að hefja nú þegar stefnumótun til langs tíma varðandi meginþætti skólamála og leggja grunn að markvissum vinnubrögðum í þessu skyni.

Sú skólastefna, sem nú er ríkjandi, mótaðist á árunum eftir 1960 og hefur verið að festast í löggjöf síðustu 10—15 árin. Nú stendur yfir endurskoðun grunnskólalaga en ný framhaldsskólalöggjöf hefur ekki enn verið samþykkt á Alþingi en í anda hennar starfa þó margar menntastofnanir.

Það er augljóst mál að ekki er hægt að þróa og breyta stefnu í skólamálum nema á löngum tíma, enda ekki æskilegt. Stefnan í skólamálum þarf að vera ljós allri þjóðinni til að hægt sé að koma í veg fyrir sífellt hringl og öryggisleysi sem bitnar á nemendum, kennurum og foreldrum.

Hafa ber í huga að hinar miklu þjóðlífsbreytingar, sem hér hafa orðið, hafa óhjákvæmilega leitt til breyttra viðhorfa og gjörbreyttra forsendna til náms og kennslu barna og unglunga. Í skýrslu starfshóps frá því í október 1985 um áhrif nýrrar tækni kemur t.d. fram að „öflugt og árangursríkt menntakerfi er forsenda þess að tækninýjungar verði hagnýttar eins og kostur er“.

Það er því nauðsynlegt að kanna nú þegar hvernig haga beri stefnumörkun fyrir síðasta tug aldarinnar og marka stefnu í kjölfar þeirrar athugunar og umræðu í þjóðfélaginu sem nauðsynleg er.

Reynsla síðustu missira sýnir mjög glögglega þörfina á að þingmenn, blaðamenn og allur almenningur hafi þekkingu og skilning á hvað gerist innan veggja skólans sem er ein umfangsmesta stofnun þjóðfélagsins og sú sem á e.t.v. stærstan þátt í að leggja grunn að hamingju og hagsæld einstaklingsins og þjóðarinnar.